



Ársskýrsla 2020

www.skra.is

Ávarp forstjóra

Árið 2020 var einstakt og eftirminnilegt fyrir margra hluta sakir. Það reyndi á nýja hugsun, aðlögunarhæfni og þar með sér fjölmargar áskoranir. Í þeim vandamálum sem koma upp í heimsfaraldri felast verkefni, en ekki síður tækifæri til að bæta þjónustu ríkisstofnana eins og Þjóðskrár.

Hólfaskipting í nokkur sóttvarnarsvæði var tekin upp og aukin fjarvinna innleidd á augabragði. Ekki aðeins þurfti að gera fjarvinnu mögulega fyrir starfsmenn Þjóðskrár heldur einnig fyrir starfsmenn allra sýslumannsembætta. Afgreiðslu Þjóðskrár var lokað þegar fjöldatakmörkanir fóru niður í 10 manns. Sama þjónustustigi var haldið sem má að miklu leyti þakka hinni stafrænu og sjálfvirku þjónustu sem markvisst hefur verið unnið að á síðustu árum og ekki síður framsýni starfsmanna í því að bregðast við breyttum aðstæðum. Þjónusta snjallmennis og sjálfvirkar gagnabirtingar voru innleiddar á skra.is og eru góð dæmi um næstu skref í sjálfvirknivæðingu í þjónustu Þjóðskrár.

Fjarvinna er ekki tímabundin og tengd Covid-19 veirunni heldur er hún nýr og raunhæfur valkostur. Verkefni hins opinbera um störf án staðsetningar hefur verið áherslumál ríkisstjórnarinnar. Bygðastofnun veitti Þjóðskrár styrk undir verkefninu „Brothættar byggðir“ sem nýttist í tvö tímabundin störf í Grímsey og Hrísey í átaksverkefni landeigna-

skrár um afmörkun landeigna.

Rafræn meðmælendasöfnun framboða til forseta fór fram í fyrsta sinn fyrir forsetakosningar í júní 2020 og er sú lausn dæmi um hvernig brugðist er við með nýjum lausnum vegna ómöguleika fyrri verkferla í heimsfaraldri. Fleiri mikilvæg verkefni voru unnin á árinu og má þar meðal annars nefna að hlutlaus skráning kyns var gerð möguleg í Þjóðskrá um áramótin.

Stóraukinn kraftur var settur í verkefni rafrænna þinglýsinga og fjölmargir nýir aðilar kallaðir að borðinu undir styrki stjórn Verkefnastofu um stafrænt Ísland. Þjóðskrá þróar og heldur utan um gerð þinglýsingakerfisins og byggir kerfi rafrænna þinglýsinga þar á. Verkefnið er margþætt og snertir sýslumannsembætti, fjármálastofnanir, lífeyrissjóði, fasteignasölur og almenning. Rafrænar aflýsingar voru innleiddar á haustmánuðum og hefur það mikinn ávinning í för með sér þegar fram í sækir þar sem hlutfall aflýstra skjala í þinglýsingu er 43%.

Allar breytingar og umbætur kalla á vinnu upplýsingatæknisérfræðinga í stöðugt vaxandi mæli og krefjast sérhæfingar á nýjum sviðum. Nýtt fyrirkomulag í skipulagi upplýsingatækniverkefna var tekið upp haustið 2020 og hlutur verkefnastjórnunar í stærri verkefnum aukinn.

Breytingar á lögum geta haft margvísleg áhrif á


starfsemi Þjóðskrár og má þar sérstaklega nefna frumvarp forsætisráðherra til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna sem var samþykkt í lok júní. Tímabundin fjárveiting var veitt Þjóðskrá til áframhaldandi uppbyggingar landeignaskrár og eitt af markmiðum frumvarpsins er að upplýsingar um stærð landeigna og eignarhald verði almenningi aðgengilegar.

Einnig má geta þess að þann 1. júlí 2020 voru tíu ár liðin frá því að Þjóðskrá og Fasteignaskrá sameinuðust. Á afmælisárinu var unnið að stefnumótun þar sem heildarendurskoðun langtímastefnu frá 2016 fór fram. Vinnufundir með starfsmönnum og hagaðilum voru nýttir enda nauðsynlegur þáttur til að fá fram sjónarmið sem flestra. Þjóðskrá er til þjónustu reiðubúin fyrir íslenskt samfélag – hvar sem er og hvenær sem er.


Margrét Hauksdóttir
Forstjóri Þjóðskrár




Lykiltölur 2020 - Fasteignir



Lykiltölur 2020 - Fólk







Lykiltölur 2020 - Þjónusta

Fjöldi heimsóknna á skra.is

1.498.248

Komur í afgreiðslu

22.044

Símtöl

52.295


Svarbox og snjallmenni

14.051

Sjálfvirkni

85%


Sjálfvirkir flutningar í þjóðskrá



Flutningar

60%


Rafræn vottorð á móti pappír



Vottorð

65%

Sjálfvirk svörun snjallmennis á vef



Snjallmenni



Umhverfismál og græn skref

Skref 4 var stigið í grænum skrefum á árinu. Græn skref í ríkisrekstri miða að því að hafa jákvæð áhrif á umhverfið, bæta starfsumhverfi starfsmanna, bæta ímynd stofnana og draga úr rekstrarkostnaði en verkefnið er drifið áfram af Umhverfisstofnun.

Í skrefi 4 þarf meðal annars að uppfylla skilyrði um endurvinnslu, viðhafa grænt bókhald og hvetja til vistvænna samgangna en samtals er um að ræða 36 aðgerðir. Stefnt er að því að stíga fimmta og síðasta skrefið árið 2021.



4.982 kg


Áætlað magn úrgangs miðað við hlutdeild Þjóðskrár á skrifstofum í Reykjavík og á Akureyri.




64%

Af öllum úrgangi í Borgartúni eru send til endurvinnslu.

Akstur



Prentuð blöð



Áfangar í starfsemi 2020

10 ár liðin frá sameiningu
Þjóðskrár og Fasteignaskrár.


Ný lög um skráningu
einstaklinga taka
gildi.




Vefstefna Þjóðskrár er
birt.



Árlegt fasteignamat
gefið út fyrir árið 2021
sem og endurmat
brunabótamats.



Lögbýlaskrá
gefin út.



Rafræn meðmælendasöfnun í
samstarfi við dómsmálaráðuneytið
og Advania er sett á laggjarnar fyrir
forsetakjör.



Snjallmenni innleitt í
þjónustu á skra.is.




Fyrsti fasi rafrænna
þinglýsinga fer í
loftið.



Fyrsta talnaefnið gefið út
sem er uppfært með
sjálfvirkum hætti.




Þjóðskrá undirbýr að
hægt verði að skrá
hlutlaust kyn frá
áramótum í þjóðskrá.





Sjálfvirk - rétt, traust og tiltæk




Á árinu var unnið að innleiðingu á skráningu hlutlauss kyns í samræmi við lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019. Ein helsta breytingin er sú að nú er hægt að hafa hlutlausa kynskráningu í þjóðskrá ásamt því að geta breytt skráningu kyns í samræmi við eigin kynvitund. Þannig geta allir einstaklingar nú óskað eftir breyttri skráningu kyns, ásamt nafnbreytingu ef þess er óskað, með einföldum hætti á vef þjóðskrár. Með þessum lögum hefur réttur einstaklinga til að skilgreina kyn sitt og til líkamlegrar friðhelgi verið staðfestur.


Þann 1. janúar 2020 tóku gildi lög um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 og taka þau við af eldri lögum um þjóðskrá og almannaskráningu sem voru frá árinu 1962. Með lögnum er verið að færa skráningu einstaklinga í nútímalegt horf, tryggja að almannaskráning sé í samræmi við þarfir samfélagsins og festa í lög verkefni sem stofnunin sinnir sem hingað til hafa einungis verið framkvæmd á grundvelli verkferla og minnisblaða. Ein stærsta breytingin sem felst í lögnum er sú að nú geta eingöngu opinberir aðilar sótt um kerfiskennitölu til þjóðskrár, í stað allra íslenskra lögaðila eins og áður var.

Skilvirk - einbeitt, öguð og eftirsótt

Þjóðskrá hefur unnið ásamt Stafrænu Íslandi að smíði á rafrænum þinglýsingum. Stórnotendur tengjast þar beint við vefþjónustur og sjálfsafgreiðsluvef verður að finna inn á Ísland.is. Mikil undirbúningsvinna hefur átt sér stað síðasta árið hvað varðar bæði nýja virkni og vélbúnað. Verkefni mun ljúka árið 2021 en fyrsti fasi fól í sér að hægt væri að aflýsa skjölum rafrænt. Þjóðhagslegur ávinningur af verkefninu er metinn á bilinu 1,2-1,7 milljarðar króna á ári.

Hafin var innleiðing á Straumnum (X-Road) sem er gagnaflutningslag sem ætlað er að auðvelda samskipti milli upplýsingakerfa. Í því er fjölþætt öryggiskerfi til að dulkóða og tímastimpla gögn. Þjóðskrá hefur sett upp X-Road netþjóna fyrir Þjóðskrá og sýslumenn og flutningur á vefþjónustum yfir í Strauminn er hafinn.






Snjöll – rafræn, gagnvirk og glögg

Snjallmenni var innleitt sem hluti af bættri þjónustu við viðskiptavinum á haustmánuðum 2020. Verkefninu var stýrt og það unnið alfarið innanhúss og bætir það stuðning við þjónustuver þjóðskrár með litlum tilkostnaði.

Ný stefna var tekin með birtingu talnaefnis á skra.is þar sem nú er ætlunin að talnaefni uppfærast sjálfkrafa á degi hverjum. Fyrsta sjálfvirka talnaefnið birtist síðastliðið haust en fleiri birtingar eru væntanlegar eftir því sem fram vindur. Þar á meðal má nefna yfirlit yfir fjölda íbúða, stærðir íbúða og mánaðarveltu á fasteignamarkaði. Stefnt er að því að gera sem mest af gögnum aðgengileg fyrir almenning og fagaðila á skýran og nytsamlegan hátt. Yfirlitt er hægt að skoða gögnin eftir sveitarfélögum og landshlutum auk þess sem hægt er að hlaða gögnunum niður fyrir þá sem vilja vinna áfram með þau.





Átaksverkefni í landeignaskráningu

Á árinu 2020 hófst átaksverkefni í hnitsetningu eignamarka í samstarfi við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti, Byggðastofnun og Akureyrarbæ. Markmið verkefnisins er að færa þinglýstar heimildir um afmörkun landeigna inn í landeignaskrá og voru í því skyni ráðnir tímabundið inn tveir starfsmenn með aðsetur í Hrísey og Grímsey.

Við lok árs er staðan sú að um 63% af heildarfjölda landeigna eiga sér afmörkun í landeignaskrá sem nemur 27-28% af flatarmáli Íslands. Í heild bættust um 10.000 landeignir við í landeignaskrá á árinu 2020, þar af 6.000 fyrir tilstuðlan átaksverkefnisins. Oftast er full afmörkun fyrir hendi en þó eru dæmi um að eignamörk séu einungis til að hluta og í einhverjum tilvikum eru þau áætluð út frá fyrirbyggjandi gögnum án þess að staðfesting aðliggjandi eða hlutaðeigandi landeiganda liggja fyrir. Eru gögnin þá sérstaklega merkt þannig.

Um landeignaskrá

Landeignaskrá er skráningar- og upplýsingakerfi sem er hluti af fasteignaskrá og geymir upplýsingar um eignamörk lands á samræmdum kortagrunni. Markmið landeignaskrár er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu á landi.






Útgáfa vegabréfa

Útgefin vegabréf voru samtals 8.503 árið 2020 sem var nokkur lækkun frá fyrra ári en árið 2019 voru gefin út 24.238 vegabréf. Þessa fækkun má að stóru leyti rekja til Covid-19 faraldursins og þeirrar breytingar sem orðið hefur á ferðavenjum landsmanna sökum hans. Búist er við að útgáfa vegabréfa fari á flug um leið og Íslendingar fari að huga að utanlandsferðum á ný. Embætti sýslumanna annast umsóknir um vegabréf hér á landi en Þjóðskrá gefur þau út. Útgáfa vegabréfa fer fram í Reykjavík.

Útgefin vegabréf





bilast st

11m
0,3 → 0,15
0,2
0,2




Þjóðskrá í fjölmiðlum

Fjölmiðlavakt Creditinfo bæði telur og flokkar umfjöllun í fjölmiðlum. Á árinu 2020 var fjöldi fréttu um þjóðskrá tæplega 800. Fréttir sem tengjast stofnuninni eru af ýmsum toga en tengjast oft gögnum sem birt eru á skra.is. Má þar nefna vísitölur kaup- og leiguverðs og aðrar upplýsingar sem tengjast fasteignamarkaði.


Þjóðskrá Íslands fylgist einnig með því hvernig stofnunin kemur út í samanburði við aðrar ríkisstofnanir og fyrirtæki. Almennt er umfjöllun um þjóðskrá jákvæð. Ef jákvæðar fréttir eru teknar sem hlutfall af öllum fréttum sem flokkast sem jákvæðar eða neikvæðar þá voru rúmlega 9 jákvæðar fréttir fyrir hverja neikvæða á árinu 2020.

Hlutfall jákvæðra fréttu í fjölmiðlum



● Þjóðskrá ● Aðrar ríkisstofnanir ● Fyrirtæki

Fjöldi fréttu tengdra þjóðskrá



Samtalsgjafi hefur fjárfest í milli ára á milli ára. Því umtalsvert minna en það gerði milli ára á milli ára 2019 og 2020, en þó var hækkingin 6,1 prósent. Fram kemur í tilkynningu að

heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 2,2 prósent en um 1,9 prósent á landebyggðinni. Þar af er mest hækking

ári eftirhaldningu. Ári eftirhaldningu hækkað er heildarfasteignamat með á lafríðu eða um 11,2 prósent, um 8,8 prósent í Akureyri og 5,5 prósent í Tálknafjarðarhreppi og á Blöndu-

eyri. Minni hækking á milli ára er sýndar á öðrum svæðum. Þegar dregur úr verðhækkunum á fasteignamarkaði þá eru breytingar á fasteignamat í takri við þá þróun. Því þótti er til einstakra hagnaða meðal annars gervigreind verði

985 eignir seldast í Akureyri árið 2020, Árið á undan námu salirnir samanberði við 4.175 árið 2019, sem er 21% aukning milli ára. Aukningin var á milli ára 2018 og 2019

985 eignir seldast í Akureyri árið 2020, Árið á undan námu salirnir samanberði við 4.175 árið 2019, sem er 21% aukning milli ára. Aukningin var á milli ára 2018 og 2019

hafi verið hagfóðrar á síðasta ári ótt af líðu vaxtastigi og góðu kaupgjötu í samfélaginu. Á þessu var mikið fram-
skótu máttu be-
þessu var mikið að-
lífi að þessu





Rekstur og mannaúður

Starfsemi Þjóðskrár gekk vel á árinu þrátt fyrir heimsfaraldur. Stofnunin hefur einsett sér að vera þjónustustofnun og hafði það að leiðarljósi í öllum viðbrögðum við faraldrinum. Hjá Þjóðskrá var 101 ársverk unnið á árinu 2020. Kynjahlutfall starfsmanna er jafnt og 66% starfsmanna eru með háskólapróf. Á starfsstöðinni á Akureyri voru unnin 14% ársverka og 86% í Reykjavík.

Farið var í stefnumótunarvinnu á árinu sem leiddi til skipulagsbreytinga og tóku þær gildi 1. janúar 2021. Þjónusta við viðskiptavinum Þjóðskrár Íslands var höfð að leiðarljósi í allri stefnumótunarvinnunni. Meginbreytingar eru þær að sviðum hefur verið fækkað úr sex í fjögur: Skrifstofa forstjóra, Fólk og fasteignir, Þjónusta og samskipti og Upplýsingatækni.

101

Ársverk

46,4 ár

Meðalaldur starfsfólks

66%

Háskólamenntun



WWW.SKRA.IS

SKRA@SKRA.IS

SÍMI / TEL (+354) 515 5300

BORGARTÚNI 21 - 105 REYKJAVÍK

HAFNARSTRÆTI 107 - 600 AKUREYRI